

Listahátíð barna

í Reykjanesbæ,
26. apríl – 13. maí 2018

— Ókeypis aðgangur —

Tökum myndir og merkjum #listahatidbarna2018

Dagskrá

Fimmtudagur 26. apríl

10:30 Duus Safnahús

Börn um víða veröld. Opnun listsýningar leikskólanna í listasal.

12:30

Börn um víða veröld. Opnun listsýningar grunnskólanna í Gryfju.

16:00

Frá skissu til sköpunar. Opnun sýningar á verkum útskriftarnemenda á listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Stofu.

Sýningarnar standa til 13. maí. Opið alla daga 12-17.

Laugardagur 28. apríl. Fjölskyldudagskrá

11:30 Bókasafn

Notaleg sögustund með Höllu Karen fyrir „börn um víða veröld.“

12 – 17 Dagskrá fer fram á svæðinu í og við Duus Safnahús

Börn um víða veröld. Listsýningar skólanna í Duus Safnahúsum.

Heims-smíðja. Heimurinn og ég, spennandi fjölskyldusmíðja í Bíosal

Duus Safnahúsa. Fána- og veifusmíðja. Engin hátíð er fánalaus. Starfsfólk leikskólans Tjarnarsels býður upp á vinnustofu fyrir börn á öllum aldri í Svarta pakkhúsinu.

Indíánasmíðja. Býr lítill indíánahöfðingi í þér? Komið og fangið draumana í leikskólanum Vesturbergi og gerið indíánahálsmen, draumafangara og míní tótem súlur.

13:00 Keflavíkurtún

Skátar grilla pylsur. Engir eru betri á grillinu en skátarnir og þeir bjóða upp á grillaðar pylsur á meðan birgðir endast. Tívolítæki á Keflavíkurtúni.

13-16 Skessuhellir

Skessan býður í lummur. Þegar Skessan er í hátíðarskapi hrærir hún alltaf í lummur og tekur fagnandi á móti börnum á öllum aldri.

13-16 Skessuhellir

Sóla tröllastelpa. Fjöla tröllastelpa er upptekin þessa helgi en Sóla frænka hennar ætlar að kíkja í heimsókn og getur ekki beðið eftir að fá að gefa börnunum blöðrur.

13 - 15 Skessuhellir

Fjölskylduratleikur KFUM og K. Stórskemmtilegur ratleikur fyrir alla fjölskylduna með óvæntum upptökum og spennandi þrautum.

Fyrsta stöð er í Skessuhelli. 

13:30 – 15:30 Duus svæðið

Andlitsmálun.

14:00 Keflavíkurtún

Sirkus Íslands leikur listir sínar.

16:30 Frumleikhús v/Vesturbraut

Gleðistund með dýrunum í Hálsaskógi. Dýrin í Hálsaskógi sem slógu svo rækilega í gegn á sýningu Leikfélags Keflavíkur í vetur taka vel á móti börnunum eins og þeim er einum lagið. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Ath. útidagskrá getur tekið breytingum vegna veðurs.

Sunnudagur 29. apríl

11:00 Keflavíkurkirkja

Ósýnilegi vinurinn. Stoppleikhópurinn sýnir leiksýningu sem segir frá Jónatan Finkeltopp og Pálu Pimpen er kynnast einn daginn og verða vinir. Saman eiga þau eftir að læra ýmislegt, t.d að kunna að fyrirgefa og sættast. Í leikritinu er brugðið upp skemmtilegum frásögnum úr sköpunarsögu Biblíunnar og samskipti kynjanna fá einnig sinn skerf, ásamt hæfilegum skammt af kærleika.

Verið öll velkomín.

12-17 Duus Safnahús

Börn um víða veröld. Listsýningar skólanna í Duus Safnahúsum.

Sunnudagur 29. apríl

14:00 Stapi Hljómahöll

Ég er furðuverk! Barna- og fjölskyldutónleikar í Stapa þar sem tónlistararfur frá Suðurnesjum sem snýr að börnum verður rifjaður upp. Það er Tónlistarskóli Reykjanesbæjar sem heldur tónleikana og sérstakur gestur er Magnús Kjartansson sem var öflugur fulltrúi þessarar tónlistar á sínum tíma og kom t.a.m. að útgáfu hljómplatna með barnastjörnunni Ruth Reginalds.

Mánudagur 30. apríl

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

Spunakvöld. Spuna- og hópeflisleikir.

Miðvikudagur 2. maí

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

Listaverk. Málum stórt listaverk sem hengt verður upp í 88 húsinu.

Föstudagur 4. maí

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

Ljósmyndanámskeið. Með OZZO Photography.

Sunnudagur 6. maí

11:00 Keflavíkurkirkja

Grill og gleði, gleði, gleði í kirkjunni, inni sem úti. Í hvert sinn sem komið er saman í Keflavíkurkirkju er sungið og ekki er brugðið út af vana þennan sunnudag. Samverustund fyrir börn sem fullorðna þar sem endað verður á grilluðum pylsum. *Verið öll velkomín.*

Mánudagur 7. maí

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

Body Paint. Með Ólínu Ýr MUA.

Þriðjudagur 8. maí

19-20:30 Fjörheimar 5.-7. bekkur

Allir geta dansað og spunaleikir. Með dönsurum frá Danskömpaní.

Miðvikudagur 9. maí

10:00 Stapi 5.-6. bekkur

Hæfileikahátíð grunnskólanna. Glæsileg sýning með úrvali árshátíðaratriða úr grunnskólum Reykjanesbæjar.

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

DJ-námskeið. Með Agli Birgis.

Föstudagur 11. maí

20-22 Fjörheimar 8.-10. bekkur

Allir geta dansað. Með dönsurum frá Danskömpaní.

Sunnudagur 13. maí

11:00 Keflavíkurkirkja

Sunnudagsbíltúr í Útskálakirkju. Boðið upp á fróðleik um þessa gömlu sóknarkirkju Keflavíkur, biblíusögu og léttan söng. Hver veit nema hægt verði að bregða á leik á kirkjuhláði. Boðið verður upp á kaffi, safu og heimabakaðar súkkulaðiþitakökur. Tilvalið að koma með smurt að heiman sem vonandi verður hægt að snæða við kirkjuvegg. *Allir velkomnir.*

12-17 Duus Safnahús

Börn um víða veröld. Listsýningar skólanna í Duus Safnahúsum. Síðasti sýningardagur.